

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis við Hótel Geysi og Geysisstofu.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrirhugaðs hótels færist til norðurs ásamt tilheyrandi bílastæðum, athafnasvæði breytist í geymslusvæði, vegslóði sunnan áhaldahúss er felldur út, gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir gufubaðshús við núverandi sundlaug auk nokkurra breytinga á legu vega og bílastæða.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2010.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stiflisdals.*
Í deiliskipulaginu felst að á 183 ha svæði er gert ráð fyrir 15 frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 250 m² frístundahús og 24 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. ágúst 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.